

Priðji fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar  
Fundurinn haldinn 3. febrúar 2011 kl. 10 við Norðurgötu.

Fundargerð

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Agnes Ýr Sigurjónsdóttir foreldrafulltrúi, Kristín Anna Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ægir Örn Arnarsson fulltrúi nemenda, Rafn Svansson fulltrúi nemenda, Mundína Valdís Bjarnadóttir kennarafulltrúi, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá fundarins

**1. Foreldrahandbók Heimilis og skóla**

Foreldrahandbók Heimilis og skóla var afhend fundarmönnum. Í umræðum um efni handbókarinnar kom fram mikilvægi þess að virkja foreldrafélag við skólann. Skólastjóri mun hafa samband við formenn foreldrafélaga Grunnskóla Ólafsfjarðar og Grunnskóla Siglufjarðar í von um fund með þeim.

**2. Húsnæði skólans við Norðurgötu skoðað**

Skólaráðsmenn gengu um bygginguna og virtu fyrir sér húsnæðið og um leið skólastarfið.

**3. Skólareglur Grunnskóla Fjallabyggðar kynntar**

Reglurnar kynntar fundarmönnum. Þær voru samþykktar á starfsmannafundi 12. Janúar 2011. Foreldrar allra nemenda hafa fengið þær sendar með tölvuskeyti og þeim komið fyrir á heimasíðu skólans. Umræður urðu um skólareglurnar og ábendingum um betra orðalag komið á framfæri.

**4. Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar**

Áætlunin kynnt fundarmönnum. Hún hefur verið send foreldrum allra nemenda með tölvuskeyti og henni komið fyrir á vef skólans. Í umræðum um viðbragðsáætlunina kom fram að fundarmönnum leist vel á.

**5. Viðbragðsáætlun ef eldur kemur upp í skólahúsum GF**

Áætlunin kynnt fundarmönnum. Hún var kynnt starfsmönnum 12. janúar s.l. Stefnt er að brunaæfingu 11. febrúar n.k. í öllum starfsstöðvum skólans. Verið er að undirbúa nemendur fyrir þá æfingu.

**6. Niðurstöður samræmdra prófa haust 2010 lagðar fram til kynningar**

Skólastjóri kynnti niðurstöðurnar sem eru meðaltöl einkunna nemenda í 4., 7. og 10. bekk skólans í samanburði við Norðurland eystra og landsmeðaltal.

**7. Stofnun félags fyrir bekkjarsjóði**

Skólastjóri er með í undirbúningi stofnun félags fyrir bekkjarsjóða skólans. Tilgangurinn með stofnun félagsins er að útvega bekkjum kennitölu fyrir bankareikninga. Skólaráðsmönnum leist vel á hugmyndina.

## 8. Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar.

Einnig voru tvö bréf lögð fram til kynningar sem borist hafa skólaráði frá landssamtökunum Heimili og skóla.

Rætt um skólaakstur og að ákveðið að taka umræðu um hann á næsta fundi.

Næsti fundur ákveðinn 3. mars kl. 10.00 í skólahúsinu við Hlíðarveg.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.30

Jónína Magnúsdóttir

skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar